

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/140

2025/EES/54/33

frá 29. janúar 2025

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að færa (E)-3-bensó[1,3]díoxól-5-ýl-N,N-dífenýl-2-própenamíð á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Hinn 15. janúar 2019 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir (E)-3-bensó[1,3]díoxól-5-ýl-N,N-dífenýl-2-própenamíði (FL nr. 16.135) sem bragðefni til notkunar í ýmis matvæli sem falla undir nokkra af þeim matvælaflokkum sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina til að fá álit hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í álitinu sem var samþykkt 18. maí 2022 ⁽⁴⁾ lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á öryggi efnisins FL nr. 16.135 þegar það er notað sem bragðefni og komst að þeirri niðurstöðu að það hefði engan öryggisvanda í för með sér við áætluð gildi fæðutengdra váhrifa, reiknuð út með því að nota þá tækni við mat á útsetningu að bæta við skömmtum (APET-tæknin) (e. *added portions exposure technique*) sem byggist á fyrirhugaðri notkun og notkunarmagni. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að samantöld váhrif af völdum FL nr. 16.135 vegna notkunar þess sem bragðefni í matvæli og vegna tilvistar þess í tannkremi hefði ekki heldur öryggisvanda í för með sér.
- 6) Þar eð notkun efnisins FL nr. 16.135 sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér með tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/140, 30.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1334/oj>.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj>.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/872/oj).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(7), 7355.

- 7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það til að bæta (E)-3-bensó[1,3]díoxól-5-ýl-N,N-dífenýl-2-própenamíði á skrá Sambandsins yfir bragðefni.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færsla bætt við á eftir færslunni sem varðar FL nr. 16.133:

„16.135	(E)-3-bensó[1,3]díoxól-5-ýl-N,N-dífényl-2-própenamíð	1309389-73-8				Í flokki 5 (annað en 5.1, 5.3 og 5.4) – hámark 250 mg/kg Í flokki 5.3 – hámark 500 mg/kg Í flokki 5.4 – hámark 150 mg/kg		EFSA“
---------	--	--------------	--	--	--	--	--	-------